



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2013




HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2013

Ágæti lesandi

Á síðunum sem hér fara á eftir verður farið yfir starfssemi Héraðs- og Austurlandsskóga árið 2013. Verkefnið er nú komið á þrítugsaldur og ber starfsemin þess keim að vera komin af bernskuskeiði þegar horft er til þróunar einstakra framkvæmdaþátta.

Góðviðri einkenndu sumarið og eftir erfiða tíð og kulda undanfarin sumur var einkar ánægjulegt að fylgjast með miklum vexti skóga á starfssvæðinu. Gróðursetningar hófust seinni partinn í maí og gengu vel. Þeim var að mestu lokið um mánaðarmótin júní/júlí. Engar haustplöntur voru til afhendingar þetta árið enda virðist það almennt henta landeigendum á Austurlandi illa að gróðursetja á þeim tíma. Sem fyrr eru plöntukaup fjárfrekasti liðurinn í starfsemi verkefnisins, keyptar voru plöntur fyrir um 19 milljónir. Alls voru gróðursettar 547.641 skógarplöntur sem skiptust þannig milli svæða að rúmlega 27% plantnanna fóru niður á Austurlandsskógasvæðinu en tæplega 73% á Héraðsskógasvæðinu. Skipting milli svæða var eins og mynd 1 sýnir.




Mynd 1. Skipting gróðursetninga milli svæða

Ef rýnt er aðeins betur í tölfræðina má sjá skiptingu tegunda innan svæða. Í grunni HASK eru jarðir flokkaðar í Austurlandsskóga og Héraðsskóga frá gamalli tíð þegar tvö verkefni voru starfrækt. Eins og sjá má er talsverður munur á hvað fer niður á hverju svæði t.d. er birki tæp 18% þess sem gróðursett er á Austurlandsskógasvæðinu en einungis 6,5% af gróðursetningum á Héraðsskógasvæðinu.

Svæði	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Austurlandsskógar	3,0%	17,9%	22,3%	23,6%	28,2%	1,6%	3,5%	100,0%
Héraðsskógar	4,0%	6,5%	15,6%	19,1%	49,6%	2,0%	3,2%	100,0%

Eins og oftast áður er lerki mest gróðursetta tegundin með 43,8% hlutdeild, grenið er næst mest plantaða tegundin með 20,3% hlutdeild og furan rétt þar á eftir með 17,4% en aðrar tegundir minna.

Á mynd 2 má sjá tegundaskiptingu gróðursettra plantna.



Mynd 2. Tegundaskipting gróðursettra plantna


Lítill áhersla hefur verið lögð á skjólbeltarækt undanfarin ár og stuðningur hefur verið miðaður við skjólbelti á jörðum sem eru með skógræktarsamning. Á árinu voru lögð út skjólbelti á tveimur jörðum samtals um 5 km.

Jarðvinnslu er reynt að stilla þannig af að ekki sé jarðunnið meira á hverri jörð en í mesta lagi til tveggja ára. Þar sem svæði eru mjög lítil og fáar plöntur gróðursettar árlega er þó gjarnan, ef hægt er, jarðunnið til fleiri ára þar sem dýrt er að fá vélar á staðinn. Árið 2013 voru jarðunnir um 75 ha.

Girðingar hafa jafnan verið stór þáttur í framkvæmdum skógarbænda HASK. Á árinu 2013 var hlutfall girðingakostnaðar tæp 11% af tilfærslum. Minna varð úr nýgirðingum en til stóð og sótt hafði verið um en viðhald eldri girðinga var með mesta móti. Nýgirðingar voru rúmir 3 km., en viðhald greitt fyrir tæplega 82 km. í kílómetragjaldi og fyrir 915 klst. í tímavinnugjaldi eða sem samsvarar um það bil 5,3 mannmánuðum í vinnu. Ekki er gott að segja hversu langan tíma viðhaldið tók þar sem greitt er kílómetragjald en ljóst að veruleg vinna liggur í girðingaviðhaldi á svæðinu.

Unnið var að slóðagerð á 25 jörðum á árinu. Lagning vegslóða hefur verið vaxandi liður í starfseminni undanfarin ár í samræmi við aukna umhirðu í skógum. Töluvert er um að ekki hafi verið lagðir út grunnslóðar á skógræktarsvæðum í upphafi gróðursetninga eins og nú er gert. Þegar komið er að bilunar- og grisjunarvinnu er nauðsynlegt að koma tækjum og tólum á staðinn og því þurfa slóðar að vera til staðar. Í bröttu landi þar sem skógur er kominn í nokkurra metra hæð getur verið vandasamt að sjá út bestu leið fyrir vegslóða svo dæmi sé tekið um nauðsyn þess að láta þennan framkvæmdaþátt ekki sitja á hakanum í upphafi.

Umhirða er sá framkvæmdaliður sem vaxið hefur mest í starfseminni undanfarin ár. Tilfærslur vegna þessa liðar árið 2013 var um 17,5 milljónir og slagar upp í plöntukaupin sem hafa verið fjárfrekasti liðurinn frá upphafi verkefnisins.



Mynd 3. Kostnaðarskipting

Á mynd 3 má sjá kostnaðarskiptingu í rekstri Héraðs- og Austurlandsskóga. Í töflunni lykiltölur er hægt að sjá breytingar kostnaðarþátta milli ára en almennt eru ekki miklar sveiflur milli liða. ÓIS

Það helsta úr starfinu árið 2013

Almennur fundur með skógarbændum var haldinn á Hótel Héraði 30. janúar. Á fundinum flutti Hlynur Sigurðsson erindi um bókhaldskerfi umhirðu, Ólöf Sigurbjartsdóttir fór yfir fjárhagsáætlun ársins, Sherry Curl sagði frá meðhöndlunaráætlunum sem hafa verið í þróun og Þróstur Eysteinnsson hélt hvatningarræðuna „Sálartetur skógareigandans“. Fundurinn var vel sóttur og voru erindin að honum loknum aðgengileg á heimasíðu verkefnisins www.heradsskogar.is



Frá fagráðstefnu skógræktargeirans 2013. Mynd ÓIS



Þau sáu um að hita ketilkaffi í ráðstefnugesti. Agnes, Pétur og Helgi ásamt aðstoðarmanni. Mynd ÓIS.

Fagráðstefna skógræktargeirans var haldin á Hallormsstað dagana 13. og 14. mars. HASK ásamt Skógrækt ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktarfélagi Íslands og Landssamtökum skógareigenda stóðu að ráðstefnunni en umsýslan var að mestu leyti í höndum HASK. Umhirða ungskóga var meginþema ráðstefnunnar sem hátt í 100 manns sóttu. Ráðstefnan var tileinkuð minningu Sigvalda Ásgeirssonar framkvæmdastjóra Vesturlandsskóga en hann féll frá langt fyrir aldur fram fáeinum dögum fyrir ráðstefnuna.

Mikil umræða var á árinu um brunavarnir í skógi og mikilvægi þess að til væru áætlanir um hvernig bregðast skuli við skógar- og gróðurældum. Þá er mikilvægt að samstarf geti gengið snurðulaust og gögn og áætlanir séu aðgengileg þeim sem hlut eiga að máli. Til þess að koma málum á skrið stóðu Landshlutaverkefni í skógrækt ásamt Skógfræðingafélagi Íslands fyrir lokuðu málþingi um efnið þann 4. júní í Reykjavík. Farið var yfir mikilvægi og helstu þætti er varða viðbragðsáætlanir brunavarna í skógrækt. Kynnt voru drög að brunavarnaráætlun í skógrækt, slóða- og vegagerð í skógi rædd ásamt fleiru. Í lokin var skipaður starfshópur til að vinna áfram að málinu. Starfshópnum var settur tímarammi og gert að kynna niðurstöður sínar á fagráðstefnu 2014.

Í framhaldi þeirrar umræðu sem átti sér stað um brunavarnir í skógi stóðu Landshlutaverkefni fyrir sameiginlegum innkaupum á eldvarna „klöppum“. Klöppurnar geta dugað vel til að slökkva eld á byrjunarstigi. Þær komu í hús á haustdögum og standa nú skógarbændum til boða á kostnaðarverði.

Gróðursetningar hófust seinni partinn í maí og þeim var að mestu lokið um mánaðarmótin júní - júlí. Nokkrir skógarbændur á svæðinu tóku sig til og fengu danska skógfræðinema til landsins sem dvöldu hjá þeim á víxl, samtals í tvo mánuði. Nemarnir unnu við gróðursetningar og grisjunarvinnu eftir því sem hentaði á hverjum stað ásamt öðrum sveitastörfum. Til gamans má geta þess að stúlka úr þeim hópi Sille Lothart varð fyrsti kvenkyns þátttakandinn í Íslandsmeistaramótinu í skógarhöggi sem fram fer á skógardaginn mikla ár hvert.

Skógardagurinn mikli var haldinn hátíðlegur níunda árið í röð þann 22. júní á Hallormsstað. Eins og ævinlega var blíðskaparveður í skóginum og komu fjölmargir gestir á hátíðina. Austfirðingar misstu Íslandsmeistaratitilinn í skógarhöggi í fyrsta sinn úr héraði en það var starfsmaður Skógræktar ríkisins á suðurlandi Ingvar Örn Arnarson sem vann titilinn.

Sú hefð hefur skapast undanfarin ár að skrifstofur Héraðs- og Austurlandsskóga loka vegna sumarleyfa í þrjár vikur, frá miðjum júlí fram yfir verslunarmannahelgi. Ekki verður annað séð en að fyrirkomulagið henti ágætlega bæði starfsfólki og skógarbændum.

Stjórn Héraðs- og Austurlandsskóga skipa Þorsteinn Bergsson formaður, Jóhann Gísli Jóhannsson frá félagi Skógarbænda á Austurlandi og Þór Þorfinnsson skipaður af Skógrækt ríkisins. Fjórir fundir voru haldnir á árinu og eru fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu HASK www.heradsskogar.is



Sumarstarfsmennirnir Haukur og Sævar Mynd HGS.

Fastir starfsmenn verkefnisins eru sem fyrr þau Hlynur G. Sigurðsson, Sherry Curl og Ólöf I. Sigurbjartsdóttir. Sumarstarfsmaður og hlutastarfsmaður fram á haustið var ráðinn Haukur Guðmundsson. Auk hans var Sævar Hreiðarsson skógfræðingur hjá okkur í nokkra daga við úttektir og kortlagningu og Hrafnhildur L. Hafsteinsdóttir vann að tímabundnum tölvuverkefnum s.s. uppsetningu ársskýrslu o.fl.

Umhirðunámskeið var haldið dagana 18. – 19. október. Sem fyrr eru það Hlynur og Sherry sem sjá um og kenna á námskeiðinu. Ánægjulegt er að sjá hversu góð þátttaka er á námskeiðinu sem hefur verið haldið á hverju ári nú um nokkurt skeið. Farið er yfir aðferðafræði við millibilsjöfnun trjáa og hvaða áhrif uppkvistun og tvítoppklippingar hafa á viðargæði.

HASK var einnig í samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum um starfsnám við umhirðu ungskóga og nánar er fjallað um það í sérstökum pistli í skýrslunni.



Þátttakendur og leiðbeinendur á umhirðunámskeiði. Mynd HGS.



Broddfururnar í Hvítufjöllum eru taldar elstu lífverur heims, geta náð 5000 ára aldri. Þær eru hægvaxta og ekki endilega mjög hávaxnar en hreinustu listaverk. Mynd ÓIS.



Skógareldar eru algengir í Bandaríkjunum og svona lítur skógurinn út nokkrum árum eftir eld. Mynd ÓIS.

Á haustdögum tóku starfsmenn HASK ásamt mökum sínum sig til og héldu í viking til Bandaríkjanna og Kanada. Allt það markverðasta í skógrækt skyldi skoðað og það á tveimur vikum. Sherry sá um að skipuleggja ferðina enda á heimavelli í Bandaríkjunum og vissi hvar markverða staði var að finna. Ferðin tókst vel í alla staði og meðal þess sem var skoðað voru elstu tré í heimi, stærstu tré í heimi og hæstu tré í heimi. Oft voru einu orðin sem heyrðust frá ferðalöngunum, ...vaaaaáá.



Hópurinn (fyrir utan Kollu) fyrir utan Kalamalka rannsóknar- og fræstöð skógræktarinnar í British Columbia. Mynd: Kolbrún Guðmundsdóttir.

Á árinu var tekin í notkun ný heimasíða í samstarfi allra Landshlutaverkefnanna og Landssamtaka skógareigenda. Síðan hefur lénið www.skogarbondi.is og þar undir má finna svæði allra verkefnanna og LSE. Áfram er fyrra lén virkt þ.e. www.heradsskogar.is sem leiðir tölvunotandann á rétta síðu. Mikil vinna var lögð í að taka til á síðunni og setja rétt efni á rétta staði og gera tengla virka. Vonumst við til að síðan sé skógarbændum gagnleg og biðjum um athugasemdir ef eitthvað má betur fara. ÓIS

Myndir úr starfinu



Snyrtileg slóðagerð á Ásgeirsstöðum. Mynd HGS.



Skógræðinemar frá Hvanneyri ásamt prófessor Bjarna Diðrik heimsóttir HASK í sumar. Mynd HGS.



Timburstæða á Viðivöllum. Mynd: HGS.



Timburflutningar. Mynd HGS.

Yfirlit framkvæmda

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Arnheiðarstaðir							
Árteigur		2.440	2.010		3.240	4.008	
Ás					6.700		
Ásgeirsstaðir					4.020		
Bessastaðir					2.010		
Birnufell							
Bláeyri (Hlíðargarður)		6.264	4.948	1.680	402	4.008	960
Borg	2.029		1.686	4.220			3.360
Breiðavað	696	360	1.480		5.226		
Brekka			268		468		
Brekkuborg		1.000	3.000				3.744
Brekkusel				9.680	20.100		
Dratthalastaðir			536				
Droplaugarstaðir					10.250		
Eyjófsstaðir Berufirði			3.055	1.095			
Eyjófsstaðir Völlum				2.400			
Eyrarland					1.340		
Fagrihvammur	48	800		400			
Fannardalur	525	9.514	3.005	3.009	2.250		
Fell	696	4.080	3.015				
Flúðir				1.000	1.000		
Fremri Nýpur	240		1.446		200		
Freyshólar	1.228	48	2.200	6.590	16.080		168
Geirólfsstaðir					7.102		
Grund			10.054		4.020		3.984
Gunnlaugsstaðir							
Hagi			2.000	1.005	6.700		
Hauksstaðir		240		4.000			
Helluland/Hóll		804	2.010	4.025			
Heykollsstaðir		2.010			3.015		
Hjarðarhagi	3.823	3.010	6.318	5.808	10.050		
Hjartarstaðir I							
Hlíðarendi I			3.815	800	1.072		
Hnitbjörg		4.000			2.537		
Hrafnsgerði							
Hreimsstaðir	1.229	2.077	1.880	3.000	200		
Hrólfstaðir			2.273	2.000			

Samtals	Ábornar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta km	Skjólbelta-plöntur	Nýgirðingar	Jarðvinnsla ha.	ha. Grisjun/ Millibilsjöfnun
						0,9
11.698	7.690	2	4.008			
6.700						
4.020	13.520				9,6	
2.010						
						3,4
18.262	37.294	3	4.968			
11.295	10.335					
7.762	7.762				2,5	
736	736					
7.744	7.744				4,0	
29.780					6,2	
536						
10.250	10.850					
4.150	4.150					
2.400						4,9
1.340						
1.248	1.248			2,0		
18.303	30.453					
7.791	7.791					
2.000	2.000					0,3
1.886	1.886					
26.314	10.234				5,7	
7.102						
18.058	32.738					
						11,4
9.705	9.705				1,8	
4.240	4.240					
6.839	9.839					
5.025	5.025					
29.009	29.009			1,1		
					5,1	
5.687	7.757					
6.537	6.537					
						6,4
8.386	8.386				8,2	
4.273	4.273					

Yfirlit framkvæmda - framhald

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Hræreklækur	1.824		1.005	1.224			
Hvammur Völlum							
Kleppjárnsstaðir	2.135	2.400	400		2.345		
Kross							
Langhús			2.077	5.000	8.040		
Meðalnes II			400		5.000		
Miðhúsasel					5.025		
Mjóanes B	384		3.015		13.936		
Mjóanes H	1.155	880	1.340				
Mjóanes R.					6.700		
Mjóanes S			1.005		6.700		
Mýnes II							
Mýrar							
Óseyri	1.750	5.000	3.034	9.125	9.627		
Rauðholt			335	1.400	5.599		432
Refsmýri							
Sauðhagi II			2.010	4.480	9.246		
Setberg	192		3.725	18.960	10.050		
Skáli	288	1.206	1.474		1.580		
Skeggjastaðir II							
Skriða				3.495	2.250		
Sólbrekka							
Stangarás			2.155				
Stóra-Steinsvað			9.499	3.000	18.685		
Strandhöfn							
Strönd							
Stöð	360	1.000	2.010	2.040	1.080		504
Sörlastaðir			147				
Vatnsdalsgerði	504	3.000	5.290	6.200	8.414	2.400	960
Víðastaðir			469	3.000	3.082		3.744
Víðilækur	210			1.200			
Víðivallagerði	980				3.082		
Víðivellir-ytri I							
Víðivellir-ytri II							
Vífilsstaðir		2.479	989	1.525	2.479		
Ytri-Nýpur					4.800		
Þorbrandsstaðir					4.020		
Samtals	20.296	52.612	95.378	111.361	239.722	10.416	17.856

Samtals	Ábornar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta km	Skjólbelta-plöntur	Nýgirðingar	Jarðvinnsla ha.	ha. Grisjun/ Mllibilsjöfnun
4.053	12.668					7,1
7.280	4.135					0,8
15.117	15.117				3,0	
5.400	20.004					
5.025						0,2
17.335	17.335					1,2
3.375	3.375					
6.700	6.700					
7.705	7.705					
						3,5
						2,1
28.536	20.177					
7.766	11.915					
						0,9
15.736	15.336					
32.927	32.927				8,0	
4.548	4.548					
						6,8
5.745	5.745					
						3,2
2.155	2.155					14,4
31.184	3.000				20,2	
						11,1
6.994	6.994					
147	147					
26.768	19.276					
10.295	20.511					
1.410						
4.062	4.062					3,8
						7,2
						32,9
7.472	7.472					1,0
4.800	4.800					
4.020	4.020					
547.641	521.326	5	8.976	3,1	74,3	123,5

Veður 2013

Þó að snjóinn hafi verið lengi að taka upp um vorið er ekki hægt að segja annað en að árið 2013 hafi verið frábært gróðurár. Kuldinn var stöðugur fram að vori og var laust við hitasveiflur sem oft valda trjám vandamálum. Meðalhitinn í apríl var lægri en í meðalári, t.d. á Teigarhorni þar sem hann var $1,3^\circ$ fyrir neðan meðaltal og $2,1^\circ$ undir meðaltali á Egilsstöðum. Hins vegar eftir að það hlýnaði loksins seinni partinn í maí var sumarihitinn fyrir ofan meðallag bæði á Egilsstöðum og á Teigarhorni.

Úrkoma sumarsins var aðeins fyrir neðan meðallag en ekki það mikið að það hefði neikvæð áhrif á gróður. Haustið var langt og var víða metár í berjatínslu. Reyndar frysti lítillega og fyrsti snjór féll þann 16. september, sem var dagur íslenskrar náttúru. Nú er bara að bíða og sjá hvort svona áfallalaust gróðurár verði til þess að ný vaxtamet verði sett fyrir furu og greni árið 2014. SC

Allar tölur eru frá heimasíðu Veðurstofu Íslands
<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2013>



Mynd ÓIS.

Skógarsnyrtar Péturs

Síðastliðin 3 ár hafa skógarsnyrtar verið að störfum á Héraði. Hingað til hafa þeir verið á vegum Héraðs- og Austurlandsskóga, Vinnumálastofnunar og Austurbrúar. Í haust var brugðið út af vananum og var búinn til áfangi við Menntaskólann á Egilsstöðum í kringum þetta þar sem vöntun var á atvinnuleitendum hjá Vinnumálastofnun. Umsjónamaður námskeiðsins var Pétur Elísson, skógarbóndi á Litla Steinsvaði í Hróarstungu, og sóttu 5 drengir námskeiðið, þeir: Arnar Freyr, Ágúst Ingi, Einar Vilberg, Víðir Már og Przemyslaw. Kennslan fór fram yfir eina spönn (2,5 mánuður), fjóra daga í viku og var þrjár klukkustundir í senn.

Pétur fór um víðan völl með drengina og bjó þannig um hnútana að alltaf var eitthvað nýtt að sjá, skoða og læra. Aðallega var verið að snyrta ungskóga, þ.e. uppkvasta og tvítoppklippa og fór sú vinna mestmegnis fram á skógræktarjörðum utan þéttbýlis. Framan af var unnið utan við Egilsstaði, í Eiðþinghá, við tvítoppklippingar. Eftir það var farið út í Hróarstungu þar sem Pétur fór yfir þéttleikamælingar í ungskógum. Þar fengu þeir einnig að handleika keðjusög og grisjuðu þeir þá mælifleti sem þeir höfðu lagt upp. Næst á dagskránni voru Vellirnir þar sem tekið var til við að uppkvasta grisjaðan skóg.

Auk þess að njóta útiverunnar í skógunum með klippur og sagir í hönd var líka farið í kynnisferðir. Ein slík var á Hallormsstað þar sem Bergrún Arna Þorsteinsdóttir leiddi þá í allan sannleika um trjásafnið. Þegar veðrið var hvað verst var farið inn í gróðurhúsin á gróðrastöðinni Barra. Þar skýrði Skúli Björnsson út fyrir hópnum hvaða starfsemi færi þar fram. Svo fengu nemendurnir að prikkla trjáplöntum úr bökkum og einnig að undirbúa eldri bakkaplöntur undir veturinn. Loks endaði námskeiðið á undirbúningi fyrir jólamarkaðinn í Barra. HGS



Nemendur á umhirðunámskeiði. Mynd: Magnús Þórhallsson.

Elmia Wood 2013

Skógtækni sýning í Svíþjóð.

Níu manna útgerð af Norður- og Austurlandi lenti á Kastrupflugvelli í bítið og keyrði þaðan sem leið lá á skógtækni sýninguna Elmia Wood í Svíþjóð sem var haldin um 20 km suður af Jönköping. Hugmyndin á bak við Elmia Wood er að sameina virka aðila í skógrækt um allan heim. Þarna eru komnir saman stærstu og þekktustu fagaðilarnir í skógrækt, smákaupmenn, náttúrsamtök og háskólar svo fátt eitt sé nefnt. Megin hugmyndin er í hnotskurn sú að þátttakendur upplifi nútíma skógrækt eins og hún gerist best, ásamt því að sýna sig og sjá aðra sem vinna í faginu vítt og breitt um heiminn. Elmia wood sýningin er haldin á fjögurra ára fresti en þess á milli er sýning er nefnist SkogsElmia en hún er minni og snýr nær eingöngu að Skandinavíu. Elmia wood stendur venjulega einungis yfir í 4 daga. Sýningarsvæðið sjálf var feikna stórt eða um 200 hektarar, enda rúmaði það alla 1000 sýningarbásana ásamt rúmlega 50.000 gestum. Skipulagið inni á svæðinu var með eindæmum gott þrátt fyrir gríðarlegt umfang. Kjörorð sýningarinnar voru aðgengi, gæði og öryggi. Á ágætum gönguhraða var hægt að komast yfir allt svæðið á einum degi og þannig var hægt að sjá út það áhugaverðasta að skoða dagana á eftir.

Svo ótalmargt mátti sjá á Elmia að óhætt er að fullyrða að ómögulegt er koma öllu til skila í einum pistli svo vel megi vera. Maður verður að sjá þetta með eigin augum. Hér á eftir verður farið lauslega yfir nokkur atriði af sýningunni.

Meðal þess sem mátti sjá af tækjum af minni gerðinni voru útdráttarspil sem gengu fyrir bensíni og hægt var að festa á stakstæð tré. Sérhannaðir útdráttarhólkar utan um timbrið voru notaðir til að auðvelda útdráttinn og til að vernda botngróðurinn. Spilið má einnig nota til að draga bráðir og hvaðeina.

Hjá umboðsaðilum keðjusaganna var margt áhugavert að sjá og voru starfsmennirnir í básunum mjög fúsir að segja manni frá nýjungum á borð við tól sem brýnir keðjuna á keðjusöginni á einungis þremur sekúndum, svo nefnt "power sharp".

Á stóra sviðinu hjá STIHL gekk mikið á. Meira og minna alla dagana var eitthvað um að vera, það hefði alveg verið hægt að verja meiri tíma þar.

Á ýmsu gekk um allt svæðið, alls staðar var verið að keppa í einhverju svo sem skógarhöggi með skógarhöggsvélum, keðjusögum og fleiru.

Það mætti halda að allir fjórhjólaframleiðendur heimsins hefðu verið þarna saman komnir því nóg var af fjórhjólum að skoða. Ýmis nytsamlegur aukabúnaður var til sýnis. Bæði frá stærri framleiðendum en einnig frá þúsundþjalasmiðum héðan og þaðan. Þessar græjur virtust allar nytsamlegar til síns brúks.

Alistor var með fínustu græjur til sýnist og það var gaman að sjá hvernig græjurnar liðuðust um í hæðóttu landinu með vagninn fullan af timbri.

Svo voru ýmsar gerðir af minni háttar fellihausum sem nýta mátti fyrir mínigröfu eða hreinlega aftan á dráttarvél.

Stærstu básarnir hafa líkast til verið hjá stóru skógarhöggssframleiðendum eins og John Deer, Komatsu, Eco Log og Ponsse. Það er ótrúlegt að sjá hvað þessar stóru vélar þeirra eru fimar en um leið öflugar.

Úrvinnsluvélarnar voru af ýmsum gerðum og mikið framboð. Áberandi var hvað gerð arinviða vóg mikið í minni tækjunum.

Hjá stóru græjunum var kurlun mest áberandi. Greinilegt er að markaðurinn er aðallega í kurlun en ekki eins mikill í flettiviði þó að vissulega hafi flettsagir verið til sýnis líka.

Heill hellingur af öðru var til sýnis, jarðvinnsluvélar af öllum gerðum, varahlutir, skiltagerð, smáhýsi, ýmis tæknibúnaður og svo mætti lengi telja.

Það að fá að vera partur af þessari gríðarstóru sýningu má segja að hafi verið forréttindi. Svo mikið var af forvitnilegum græjum af öllum stærðum og gerðum. Veðrið var líka afkaplega gott á meðan á sýningunni stóð. Síðast en ekki síst var félagsskapurinn góður. Þessi útgerð af Austur- og Norðurlandi var alveg framúrskarandi og er sjálfagt enn á vörum annarra gesta sem voru á sýningunni hvað Íslendingar eru miklir fræðimenn og vita margt um skógrækt, komandi af þessari skóglausu eyju í Atlantshafi. HGS



Á Elmia Wood mátti sjá ýmislegt, bæði stórt og smátt. Þarna stillti Sveinn Ingimarsson sér upp við feiknarstóran högghaus. Mynd frá Sveini Ingimarssyni.

Lykiltölur

Ýmsar lykiltölur	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
1 Fjöldi samningsbundinna skógræktarjarða	148	151	153	155	132	132	128
2 Flatarmál í hekturum	16.169	16.495	16.761	17.776,5	15.207	14.744	14.759
3 Fjöldi jarða þar sem er gróðursett	66	63	67	69	53	63	58
4 Fjöldi jarða með framkvæmdir	94	96	96	86	83	86	87
5 Lengd ræktaðra skjólbelta í km	11,7	18,1	3,6	3	10,8	11,3	5,0
6 Heildarfjöldi gróðursettra plantna	1.478.211	1.480.927	1.389.740	982.396	881.018	651.583	547.641
7 Grisjaðir/bilaðir hektarar	14,19	47,3	17,35	10,9	57,2	115,5	124,5
8 Ársverk	5,7	4,9	4,7	4,3	4,2	3,7	3,6

Lykiltölur úr ársreikningi	2007	2008	2009			
9 Heildarfjárveiting + sértekjur	155.504.196	161.145.300	151.673.225			
10 Heildargjöld	173.137.694	174.991.190	150.071.960			
11 Laun og launatengd gjöld	35.529.776	20,5%	31.263.229	17,9%	29.570.352	19,7%
12 Starfstengdur kostnaður	5.211.402	3,0%	5.430.500	3,1%	4.017.930	2,7%
13 Aðkeypt þjónusta og húsn.kostn.	12.230.944	7,1%	13.380.174	7,6%	10.108.689	6,7%
14 Framlög til skógarbænda	102.897.560	59,4%	122.949.698	70,3%	104.555.687	69,7%
15 Annar rekstarkostnaður	12.751.084	7,4%	1.907.205	1,1%	1.323.575	0,9%
16 Eignakaup	4.516.928	2,6%	60.384	0,0%	495.727	0,3%
17 Ýmsar sértekjur	4.304.196		5.345.300		16.473.225	
18 Hagnaður/Tap	-17.633.498		-13.845.890		1.601.265	

Skýringar

- Fjöldi jarða með þinglýsta skógræktarsamninga í lok hvers árs (ástæða fækkunar á milli ára er að við endurnýjun útrunninna samninga sáu sér ekki allir hag í að endurnýja)
- Heildarflatarmál skógræktarsvæða með þinglýsta samninga í lok hvers árs
- Fjöldi jarða þar sem er gróðursett ár hvert
- Heildarfjöldi jarða með framkvæmdir
- Lengd nýrra skjólbelta ár hvert
- Heildarfjöldi allra gróðursettra plantna í skógrækt og skjólbeltarækt ár hvert
- Grisjaðir og bilaðir (grisjun í ungskógi) hektarar
- Ársverk starfsmanna Héraðs- og Austurlandsskóga, fastráðinna og sumarstarfsmanna
- Heildarfjárveiting ásamt sértekjum Héraðs- og Austurlandsskóga
- Heildargjöld
- Heildarlaun starfsmanna og stjórnar Héraðs- og Austurlandsskóga
- Aksturskostnaður, dagpeningar, ferðakostnaður, fundir, risna
- Sími, tölvuþj., prentun, bókhald, húsn.kostn.
- Framlög til bænda, plöntur, áburður, ofl.
- Ýmis annar kostnaður
- Jarðvinnslutæki, gróðursetningaáhöld, tölvubúnaður ofl.
- Ýmsar sértekjur og hlutfall þeirra af heildartekjum
- Afgangur - tap

2010		2011		2012		2013	
129.356.320		120.386.732		121.687.654		118.236.812	
130.601.624		130.111.796		126.210.411		115.112.511	
28.740.472	22,0%	29.230.062	22,5%	27.369.223	21,7%	28.542.306	24,8%
4.266.132	3,3%	3.296.137	2,5%	3.003.465	2,4%	3.359.406	2,9%
10.727.911	8,2%	8.904.897	6,8%	7.557.281	6,0%	5.816.787	5,1%
82.773.641	63,4%	86.084.915	66,2%	79.593.158	63,1%	74.318.966	64,6%
3.138.528	2,4%	2.411.480	1,9%	3.762.347	3,0%	2.742.594	2,4%
954.940	0,7%	184.305	0,1%	4.924.937	3,9%	332.452	0,3%
1.056.320		1.686.732		4.187.654		436.812	
-1.245.304		-9.764.833		-4.522.757		3.124.301	



Íslandsmeistaramótið í skógarhöggi. Björn Marínó Pálmason einbeittur á söginni. Mynd: Þóra S. Jónsdóttir.

Rekstrarreikningur

Reikningur 2013 Reikningur 2012 Fjárheimildir 2013

Tekjur

Sértekjur	436.812	4.187.654	0
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0
Tekjur samtals	436.812	4.187.654	0

Gjöld

Almennur rekstur	115.112.511	126.210.411	117.800.000
101 Héraðs- og Austurlandsskógar	115.112.511	126.210.411	117.800.000
Gjöld samtals	115.112.511	126.210.411	117.800.000

Tekjur umfram gjöld	-144.675.699	-122.022.757	-117.800.000
Framlag úr ríkissjóði	117.800.000	117.500.000	117.800.000
Hagnaður/tap ársins	3.124.301	-4.522.757	0



Skógardagurinn mikli. Mynd: HGS.

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2013	Reikningur 31.12.2012
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	50.000	50.000
Langtímakröfur	0	0
Fastafjármunir samtals	50.000	50.000
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	9.010.804	400.378
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	6.515.504	1.901.030
Handbært fé	2.659.269	12.063.962
Veltufjármunir samtals	18.185.577	14.365.370
Eignir samtals	18.235.577	14.415.370
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé/ Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	11.332.090	15.854.847
Breytingar v/lokafjárlaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	3.124.301	-4.522.757
Höfuðstóll í árslok	14.456.391	11.332.090
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	0	0
Framlag til eignamyndunar	1.882.814	1.882.814
Annað eigið fé samtals	1.882.814	1.882.814
Eigið fé í árslok	16.339.205	13.214.904
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	0	0
Skammtímalánatökur	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	1.896.372	1.200.466
Skammtímaskuldir samtals	1.896.372	1.200.466
Skuldir samtals	1.896.372	1.200.466
Skuldir og eigið fé samtals	18.235.577	14.415.370

Sjóðstreymi

	Reikningur 2013	Reikningur 2012
Hagnaður/tap ársins	3.124.301	-4.522.757
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	-4.614.474	8.721.339
Breyting skammtímaskulda	695.906	-1.758.211
Handbært fé frá rekstri	-794.267	2.440.371
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	-50.000
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	-50.000
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-117.800.000	-117.500.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	109.189.574	117.077.596
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0	0
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	-8.610.426	-422.404
Breyting á handbæru fé	-9.404.693	1.967.967
Handbært fé í ársbyrjun	12.063.962	10.095.995
Handbært fé, hreyfingar	-9.404.693	1.967.967
Handbært fé í árslok	2.659.269	12.063.962



Góð þátttaka í skemmtiskokki fjölskyldunnar á Skógardaginn mikla. Mynd: Þóra S. Jónsdóttir.

Bragi Björgvinsson skógarbóndi á Víðilæk í Skriðdal hefur iðulega glatt okkur með smellnum vísukornum og ljóðum sem hann laumar með framkvæmdaskýrslum sínum. Fer innihald þeirra iðulega eftir því hvernig gengið hefur í skógræktinni það árið, veðurfari eða öðru sem snertir vöxt og viðgang skógarins. Undanfarið hefur Bragi glímt við krankleika eins og kemur skýrt fram í vísukorni sem hann sendi okkur í viku 49 árið 2013.

Vesældarsálmur frá Víðilæk,
runninn undan rifjum Braga Björgvinssonar

*Afskaplega er nú lítið í þann kauða spunið
þið ættuð bara að vita, hann getur ekkert unnið,
svo að gagni sé.
Það ætti því að hengja djöfsa hátt í lerkitré
Láta tötrið híma þar og skrækja hátt og skjálfa
Skelfing yrði upplitið vesælt á þeim bjálfa*

Með kveðju frá Gregory

Efni skýrslunnar er unnið af starfsfólki HASK. Myndir eru einnig teknar af starfsfólki HASK nema annað sé tekið fram.

*Forsíðumynd: Einir, Juniperus communis.
Ábyrgðarmaður: Ólóf Inga Sigurbjartsdóttir
Uppsetning: Hrafnhildur L Hafsteinsdóttir*



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2013